

Atvinnumálanefnd 76. Fundur. Haldinn í Ráðhúsinu 15.03.2011 kl 17:00

Mætt voru: Egill Egilsson formaður, Þorsteinn Sigurðsson, Ólafur Guðmundsson, Magnús Bæringsson, Heiðrún Höskuldsdóttir sem ritar fundargerð og Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri.

Dagskrá fundarins:

1. Efling atvinnu og markaðsmála, tillaga samþykkt á bæjarstjórnarfundi 16.12.2010.
 2. Erindi frá Eflingu (fylgir í viðhengi).
 3. Átak Vinnuálastofnunar til fjölgunar tímabundnum störfum.
 4. Önnur mál.
-

1. Magnús leggur til að skoðað verði hvort nýta mætti starfskrafta sem þegar eru til staðar í ráðhúsi.

Rætt um hvort ekki sé eðlilegra að Efling sé áfram sjálfstætt starfandi félag sem bærinn styðji áfram að ákveðnum verkefnum eins og gert hefur verið til þessa. Rætt áfram um stefnumótun og að unnið verði áfram að þeim verkefnum sem komið gætu fram þar. Skilgreina þyrfti betur hvaða verkefni eiga heima hjá Stykkishólmsbæ annarsvegar og hjá Eflingu hinsvegar.

Atvinnumálanefnd leggur til að leitað verði eftir ráðgjöf hjá SSV -ráðgjöf og þróun um stefnumótun í atvinnumálum og óskar eftir fundi með forsvarsmönnum SSV- ráðgjöf og þróun.

Atvinnumálanefnd óskar eftir fundi með forsvarsmönnum Eflingar.

2. Efling er sjálfstætt starfandi félag sem ætlað er að virkja fyrirtæki og einstaklinga í menningar- og atvinnumálum. Starfsemi þess er og hefur verið drifin áfram af krafti og hugsjón félagsmanna. Atvinnumálanefnd vonast til að starfsemi Eflingar verði áfram öflug og í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld og að félagið sjálft sé best til þess fallið að leggja mat á eigin störf og árangur undanfarinna ára. Efling þarf að vinna í nánú samstarfi við bæjarfélagið en samt að viðhalda sínu sjálfstæði, að öðrum kosti er hætt við að frumkvæðið hverfi. Atvinnumálanefnd telur að til greina komi að fulltrúi nefndarinnar sitji sem áheyrnarfulltrúi á stjórnarfundum en sitji ekki í stjórn í ljósi fyrrgreinds sjálfstæðis félagsins.

3. Atvinnumálanefnd fagnar átaki Vinnuálastofnunar. 19 manns í Stykkishólmsbæ á atvinnuleysisskrá um síðustu mán.mót. Atvinnumálanefnd óskar eftir hugmyndum að verkefnum frá bæjarbúum.

4. Atvinnumálanefnd bærust gögn frá Þórði Magnússyni vegna lóðarumsóknar útgerðarfélagsins Engeyjar og uppsagnar 5 starfsmanna Ásmegin ehf. Atvinnumálanefnd fagnar frumkvæði Útgerðarfélagsins Engeyjar við fyrirhugaða uppbyggingu og hvetur forsvarsmenn fyrirtækisins að leita lausna í samráði við bæjaryfirvöld. Nefndin harnar uppsagnir fyrirtækisins .

Ýmis mál voru rædd sem snúa að atvinnumálum bæjarins.

Atvinnumálanefnd fagnar nýafstaðinni Ráðstefnu Sjálfstæðisfélagsins Skjaldar um atvinnumál og nýsköpun, og hvetur bæjaryfirvöld til að vinna áfram með þær hugmyndir sem þar komu fram.

Stykkishólmsbær þarf á tímum sem þessum að standa vörð um opinber störf og þar getur bæjarfélagið lagt mikið af mörkum. Við leggjum til að settur verði á fót vinnuhópur til eflingar

Bakdeildar HVE og heilsutengdrar þjónustu og þarf slíkur hópur að vera skipaður fólki sem hefur reynslu og þekkingu.

Fleira ekki gert. Fundi lauk kl. 19:50

Heiðrún Höskuldsdóttir (sign)

Þorsteinn Sigurðsson (sign)

Magnús Bæringsson (sign)

Egill Egilsson formaður (sign)

Ólafur Guðmundsson (sign)

Gyða Steinsdóttir (sign)